

# Erindisbréf málnefndar Háskóla Íslands

7. október 2016

## Forsendur

Veturinn 2015-2016 vann starfshópur á vegum rektors að endurskoðun málstefnu Háskóla Íslands frá árinu 2004. Lauk þeirri vinnu með samþykkt nýrrar málstefnu á háskólaþingi 10. maí og í háskólaráði 19. maí 2016. Í 18. gr. málstefnunnar er kveðið á um að „innan Háskólans starfi föst málnefnd sem heyrir undir rektor, skipuð fulltrúum allra fræðasviða, miðlægrar stjórnsýslu og stúdenta“.

## Hlutverk

Um hlutverk nefndarinnar segir í 18. gr.: „Hún verði stjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans til ráðuneytis um málefni íslenskrar tungu, geri tillögur um framkvæmd málstefnunnar og fylgist með hvernig henni sé framfylgt, og standi fyrir kynningu stefnunnar og endurskoðun eftir þörfum.“ Í lokakafla stefnunnar, sem fjallar um umsjón og ábyrgð, segir ennfremur að „nánari útfærsla og framkvæmd málstefnu Háskóla Íslands er falin miðlægrri stjórnsýslu skólans og einstökum fræðasviðum, deildum og stofnunum eftir því sem við á. Rektor ber ábyrgð á stefnunni og getur heimilað tímabundin frávik frá einstökum ákvæðum hennar ef nauðsyn krefur.“

## Skipan

Í samræmi við framangreint hefur rektor skipað málnefnd Háskóla Íslands. Í nefndinni eiga sæti

- Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði, formaður
- Guðmundur B. Arnkelsson, prófessor við Sálfræðideild á Heilbrigðisvísindasviði
- Jóhanna Gunnlaugsdóttir, prófessor við Félags- og mannvísindadeild á Félagsvísindasviði
- Jón Yngvi Jóhannsson, lektor við Kennaradeild á Menntavísindasviði
- Kesara M. Jónsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild á Verkfræði- og náttúruvísindasviði
- Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóri rektorsskrifstofu í miðlægrri stjórnsýslu
- Ragnheiður Kristjánsdóttir, dósent við Sagnfræði- og heimspekideild á Hugvísindasviði
- NN, stúdent

## Starfstími, skil og þóknun

Nefndin er skipuð til tveggja ára í senn og lýkur skipunartíma hennar 30. júní 2018. Nefndin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Formaður ákveður, í samráði við aðra nefndarmenn, dagskrá funda og boðar til þeirra. Nefndin skal halda fundargerðir. Formaður nefndarinnar gerir rektor árlega grein fyrir störfum hennar.

Nefndarmenn fá greitt fyrir fundasetu skv. fundartaxta Háskóla Íslands og fær formaður tvöfalda greiðslu. Í upphafi hvers misseris skal formaður leggja áætlun um viðfangsefni og vinnu nefndarinnar á misserinu fyrir rektor til samþykktar.